

STARFSÁÆTLUN VALSÁRSKÓLA

Inngangur

Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, starfsáætlun sem birtir upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og skólanámskrá sem birtir almenna stefnumörkun skólans. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og skal hann semja hana í samráði við kennara og aðra starfsmenn, sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja henni. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Skólanefnd og skólaráð fjalla um skólanámskrá ár hvert. Eftir að skólaráð fær skólanámskrá til umsagnar staðfestir skólanefnd gildistöku þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Valsárskóli	5
Starfsáætlun nemenda.....	5
Skipulag skólaársins	5
Viðmiðunarstundarskrá	5
Skóladagatal	5
Helstu viðburðir skólaársins.....	6
Starfsfólk skólans	6
Próunarstarf	6
Byrjendalæsi/Læsi til náms	6
Skólaþing/leiðtogaþjálfun	7
Útiskóli/grenndarkennsla.....	7
Þemanám	7
Samstarf við leikskóla.....	7
Samstarf við fjölbrautarskóla	8
Valgreinar í 5-10 bekk	8
Bókasafn.....	8
Markmið skólasafnsins eru m.a.:	8
Safnakennslan felur m. a. í sér eftirfarandi:.....	8
Mötuneyti	9
Öryggismál	9
Skólabílar.....	9
Öryggistæki	9
Gæsla.....	9
Tryggingar	10
Öryggisnefnd	10
Nemendaráð	10
Nemendaráð skólaárið 2019-2020 er skipað eftirfarandi nemendum:	10
Foreldrafélag	11
Í stjórn foreldrafélags Valsárskóla eru:	11
Áheyrnafulltrúar í skólanefnd:	11
Bekkjafulltrúar	11

Foreldrasamstarf.....	11
Foreldrasamtöl.....	12
Vefsíða.....	12
Mat á skólastarfi	12
Tölvupóstur	12
Viðtalstímar kennara.....	12
Vitnisburðarblöð	12
Hagnýtar upplýsingar	12
Skólaakstur.....	12
Frístund	13
Afmæli.....	13
Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum.....	14
Ábyrgð nemenda á eigin námi	14
Foreldrakaffi / Ömmu og afakaffi	14
Forföll nemenda.....	14
Heimsóknir eftir skóla	14
Lyfjagjafir í skólanum	14
Matmálastímar.....	15
Meðferð námsgagna	15
Notkun snalltækja	15
Opnun skóla	15
Óveður eða ófærð.....	15
Símtöl	15
Skólahúsnæði.....	16
Skólalóð.....	16
Slys / Óhapp	16
Veikindi	16
Útivist / klæðnaður	16
Heilsugæsla	16
Móttöku- og tilfærsluáætlun	17
Rýmingaráætlun.....	17
Samstarf.....	17
Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar	17

Leikskólinn Álfaborg	17
Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla	18
Framhaldsskólar	18
Slökkvilið Akureyrar	18
Sérfræðiþjónusta	18
Símenntunaráætlun	18
Skólaárið 2019-2020	19
Skólanefnd	19
Skólaráð	19
Áætlun um innramat.....	20
I hluti – Starfshættir og stjórnun.....	20
II hluti – Nám og líðan	20
III hluti – Skólaþróun	20
IV hluti – Grunnþættir menntunar.....	20

Valsárskóli

Í Valsárskóla eru 49 nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendum er skipt í fimm námshópa og eru 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur hver í sinni stofu. Við skólann er samkenntla með áherslu á einstaklingsmiðað nám. Þó ber að geta þess að samkenntluhóparnir eru ekki alltaf saman. Það eru svokallaðar skiptistundir í ákveðnum greinum. Við skólann starfa 7 kennarar, skólastjóri, skólaliði, stuðningsfulltrúi, matráður, húsvörður og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þessa er skólabílstóri verktaki við skólann. Sum þessara starfa eru hlutastörf. Kennarafundir eru á mánudögum. Námskrárfundir á þriðjudögum og teimifundir og fundir í nemendaverndarráði á fimmtudögum. Skólastjóri stjórnar daglegu starfi í skólanum. Skólaliðar og stuðningsfulltrúar annast m.a. eftirlit með umgengni nemenda á daginn og sjá um ræstingu á húsinu.

Skólinn er opin frá klukkan 07:45 – 15:00 virka daga en lokaður um helgar.

Sími: 462 3104.

Skólastjóri: 859 5005

Netfang: valsarskoli@svabardsstond.is

Heimasíða: <http://www.skolar.svabardsstrond.is>

Starfsáætlun nemenda

Skipulag skólaársins

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Haustönn hefst 22. ágúst og lýkur fyrir jóla. Vorönn stendur frá 6. janúar til loka skólaársins og síðasti skóladagur nemenda er 4. júní. Skólaslit verða 4. júní 2020

Viðmiðunarstundarskrá

Hver kennslustund er 60 mínútur. Kennari skipuleggur tímann. Gagnkvæm virðing á að ríkja og vinnufriður. Engin hefur rétt á því að trufla vinnu annarra, hvort sem það eru kennarar eða nemendur. Nemendur fá 5-10 mínútna frí á milli kennslustunda og einu sinni yfir daginn fá nemendur 25 mínútna frí. Hádegishlé nemenda er 30 mínútur. Stundaskrá nemenda gildir allan veturinn. Hana má sjá inni á Mentor og allir nemendur fá afhenta stundaskrá við upphaf skóla að hausti.

Kennslustundafjöldi er mismunandi eftir stigum:

1.-4 bekkur, 30 kennslustundir á viku.

5.-7 bekkur, 35 kennslustundir á viku.

8.-10 bekkur, 37 kennslustundir á viku í skóla og 1 klst á viku í matartíma eða utanskólavali

Skóladagatal

Jólaleyfi hefst að loknum litlu jólum 20. desember og hefst vorönnin mánudaginn 6. janúar. Starfsdagar eru fimm yfir starfstíma nemenda; mánudaginn 8. október, þriðjudaginn 27. nóvember, miðvikudaginn 2. janúar, föstudaginn 26. apríl og mánudaginn 3. júní. Vetrarleyfi verður í sex daga, 16. til 18. október á haustönn og 26. til 28. febrúar á vorönn. Síðasti kennsludagur fyrir páskaleyfi er 3. apríl og hefst kenntla að nýju þriðjudaginn 14. apríl.

Kennsludagar samkvæmt skóladagatali eru 180. Tíu dögum er ráðstafað til annars konar skólastarfs og gert er ráð fyrir tveimur dögum í foreldrasamtöl í skólanum.

Helstu viðburðir skólaársins

- Skólasetning 22. ágúst.
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.
- Hátíðarkvöldverður nemenda á unglingastigi og starfsfólks 19. desember.
- Litlu jólin 20. desember.
- Árshátíð Valsárskóla 23. janúar.
- Skólaslit fimmtudaginn 4. júní.

Starfsfólk skólans

- Alma Sigríður Þórólfsdóttir, starfsmaður frístundar
- Anna Heiður Oddsdóttir, almennur starfsmaður
- Anna Louise Júlíusdóttir, umsjónarkennari, 5.-6. bekkur
- Ásrún Aðalsteinsdóttir, textíl- og myndmenntakennari
- Bjarney Vala Steingrímsdóttir, ræstitæknir
- Bryndís Hafþórsdóttir, aðstoðarkennari í 1.-2 bekk, heimilisfræðikennari
- Brynhildur Smáradóttir, hjúkrunarfræðingur
- Einar Bjarki Sigurjónsson, umsjónarkennari, 3.-4. bekkur
- Elísabet Inga Ásgrímsdóttir "Beta", stuðningsfulltrúi
- Guðfinna Steingrímsdóttir, umsjónarkennari, 1.-2. bekkur
- Harpa Helgadóttir, íþróttakennari / Umsjón sérkennslu
- Heiða Jónasdóttir, matartæknir
- Helgi Viðar Tryggvason, umsjónarkennari, 9.-10. bekkur
- Inga Sigrún Atladóttir, skólastjóri
- Ingvi Rafn Ingvason, tónlistarkennari - ásláttarhljóðfæri – samspilskennsla
- Kristján H S Edelstein, tónlistarkennari - gítar, bassi
- Ragnar Jón Grétarsson, húsvörður
- Svala Einarsdóttir, umsjónarkennari, 7.-8. Bekkur
- Tíu Laur, deildarstjóri tónlistardeildar - píanó, söngur
- Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, námsráðgjafi

Próunarstarf

Byrjendalæsi/Læsi til náms

Byrjendalæsi er kennsluáðferð sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýninnar hugsunar og

gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.

Í Valsárskóla hefur verið unnið út frá áherslum Byrjendalæsis síðan 2012 og í fyrra var Læsi til náms bætt við þar sem aðferðir byrjendalæsis eru aðlagðar eldri stigum.

Á haustönn 2019 vinna allir kennarar skólans að því að tengja aðferðir Byrjendalæsis og Læsi til náms í allar námsgreinar á öllum stigum.

Skólalæping/leiðtogaþjálfun

Allir starfmenn skólans taka þátt í skólalæpingi og er það starfsmannafundur þar sem nemendur eru einnig þátttakendur. Allir geta komið með mál á skólalæping og eru þau hengd upp fyrir framan hurð skólastjórans. Markmið skólalæpings er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem allir geta sagt sína skoðun og breytt umgjörð skólans og skólastarfs eftir því sem þeirra hugur stefnir til.

Öll mál sem koma á skólalæping verða að vera í samræmi við stefnu skólans og landslög.

Allir nemendur skólans taka þátt í leiðtogaþjálfun. Þá bjóða þeir öðrum nemendum upp á smiðjur þar sem þeir kenna hluti sem þeir kunna og vilja miðla til annarra. Áður en nemandi er leiðtogi fær hann fræðslu um hvað felst í því að vera góður leiðtogi – hvað er erfitt við að vera leiðtogi og hvað þarf helst að passa sig á þegar hann er í leiðtogahlutverkinu.

Útiskóli/grenndarkennsla

Útikennsla er í öllum bekkjum skólans, á efsta stigi er það val nemenda en í öðrum bekkjum er hún samþætt öðrum greinum. Fyrir nokkru hætti Valsárskóli í grænánaverkefni Landverndar og nú er unnið að því að vinna umhverfisstefnu skólans í samræmi við nýsamþykka umhverfisstefnu sveitarfélagins.

Þemanám

Samþætting námsgreina er fólgin í því að nemendur fást við ákveðið viðfangsefni sem er skipulagt þannig að það gangi þvert á námsgreinar og myndi sjálfstæða merkingarbæra heild. Viðfangsefni þau sem eru valin í samþættingu tengjast gjarnan umhverfi nemenda og þeir þurfa þá að afla sér þekkingar í mörgum mismunandi námsgreinum, á borð við samfélagsfræði, náttúrfræði og íslensku. Þemanám er í öllum bekkjum nema 9.-10. bekk. Allir starfsmenn skólans þurfa að vera meðvitaðir um hvaða þema er í gangi og reyna allir kennarar að vinna einstök þematengd verkefni með nemendum sínum þó þeir taki ekki þátt í heildstæðum verkefnum. Vettvangsferðir skólans eru tengdar við þemaverkefni.

Samstarf við leikskóla

Valsárskóli hefur síðustu árum verið hluti af starfi leikskólans Álfaborgar. Það samstarf er nú í endurskoðun en farsælt samstarf skólastiga er einn af mikilvægustu þáttum farsæls skólastarfs. Veturinn í vetur verður nýttur til að leita allra leiða til að vinna þvert á skólastig um leið og endurskoðun samstarfssins á sér stað.

Samstarf við fjölbrautarskóla

Samstarf Valsárskóla er við framhaldsskólana í nágrennasveitarfélögum. Árlega heimsækja nemendur elstu bekkjanna M.A og Verkmenntaskólann og ýmist hefur verið farið að Laugum eða boðið hefur verið upp á sérstaka kynningu um skólann.

Valgreinar í 5-10 bekk

Í boði eru 7 greinar fyrir nemendur 5.-10. bekkjar. Þær valgreinar sem færri en 5 nemendur velja falla niður. Nemendur í 5.-8. bekk velja eina valgrein en nemendur í 9.-10. bekk velja tvær.

Í boði er:

Nýsköpun í margmiðlun (Svala), myndmennt (Ásrún), skólahreysti (Harpa), ljósmyndun (Helgi), legó og forritun (Bryndís), íþróttir eða tónlistarnám utan skóla, útivistarval (Einar).

Skólaárið 2019 - 2020 verða kenndar greinarnar: Nýsköpun í margmiðlun, myndmennt, skólahreysti og útivistarval.

Bókasafn

Skólasafnið á að vera lifandi fræðslu-, upplýsinga- og menningarmiðstöð í hverjum skóla og þar þarf að vera fjölbreytt úrval hvers kyns náms- og kennslugagna auk annars valins lesefnis fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Þar hefur skólasafnkennari aðstöðu fyrir safnvinnu og tekur bekk í safnkennslu.

Í Álfaborg/Valsárskóla er veglegur bókakostur í báðum starfsstöðvum. Skólabókasafnið er staðsett í Grunnskólanum og þangað sækja nemendur beggja skólastiga safnakennslu. Fastir tímar á skólasafni einu sinni í viku eru fyrir Krumma og Spóa frá leikskólanum Álfaborg. Einnig eru fastir tímar fyrir 1.-2. bekk og 3.-4. bekk. Yngri og eldri nemendur koma á safnið eftir þörfum.

Markmið skólasafnsins eru m.a.:

- að örva lestur fagurbókmennta og fræðirita
- að örva myndlestur
- að leiðbeina um notkun safnkosts

Skólasafnið er alltaf opið á skólatíma.

Safnkennsla er tvíþætt og skiptist í almenna safnakennslu sem fer fram reglulega yfir veturinn og kynningu á safninu sem höfð er eftir þörfum nemenda t.d við gerðir ritgerðasmíð eða aðra verkefnavinnu.

Safnakennslan felur m. a. í sér eftirfarandi:

1. Almenn safnkennsla.

- a) kynning á starfsemi safnsins
- b) uppröðun bóka (Dewey kerfið)

- c) umfjöllun um bækur almennt og sérstakar bækur
- d) útlán bóka

2. Kynning á safnkosti

- a) helstu handbækur kynntar
- b) bókmenntir

Einnig er aðstaða á skólabókasafni fyrir viðtöl við þá nemendur sem þurfa að fá ró og næði og einhvern til að tala við ef þeim líður illa af einhverjum orsökum. Notast er við hugmyndafræði frá Undirstöðuatriðum í Hugrænni athyglismeðferð (HAM) Hugrænni athyglismeðferð Bókasafnskennari er Ásrún Aðalsteinsdóttir

Mötuneyti

Hollur matur stuðlar að góðri heilsu. Vel nærð börn eiga betur með að einbeita sér, mataræði getur haft áhrif bæði á lærdómsgetu og hegðun. Börn verja miklum hluta dagsins í skólanum eða á skólasvæðinu og því er mikilvægt að þau eigi þar kost á hollum og góðum mat. Mataræði nemenda er því einn af lykilþáttum í starfi þeirra skóla sem taka þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli. Í Valsárskóla er gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Morgunverður er í boði alla daga í grunnskólanum og á borðum er hafragrautur, slátur, ávextir, lýsi, rúsínur, kanill og mjólk. Ekki er því nauðsynlegt að senda börn með nesti en ef það er gert er æskilegt að hafa það innan manneldis markmiða um morgunverð.

Öryggismál

Skólabílar

Í skólabílunum eru öryggisbelti sem nemendum er skylt að nota. Samkvæmt umsögn Umferðarstofu til skólanefndar Eyjafjarðarsveitar eiga bílstjórar að minna nemendur á að nota beltin og er skylt að setja upp merki í bílunum til að minna á beltanotkun en ekki er hægt að gera kröfu til þess að bílstjóri fylgist með því hvort fyrirumælum er hlýtt. Það er því mikilvægt að foreldrar og kennarar brýni fyrir börnunum að nota öryggisbelti.

Öryggistæki

Um leið og skyggja tekur skulu nemendur bera endurskinsmerki. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að fræða um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja sem og að dreifa þeim ef þess er kostur. Nemendum er skylt að nota hjálma á hjólum, línuskautum, hlaupahjólum og hjólabrettum.

Gæsla

Utan kennslustunda eru skólaliðar við gæslu úti á skólalóð, á göngum og í félagsmiðstöð unglunga. Í löngu frímínútunum eru skólaliðar við gæslu á skólalóð. Í búningsklefum er íþróttakennari og húsvörður við gæslu.

Tryggingar

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir á leið í og úr skóla og meðan á skólavist stendur. Skólinn greiðir fyrir fyrstu heimsókn á slysadeild ef slys verður á skólatíma og tryggingar greiða skaðabætur ef varanlegur skaði hlýst af slysi. Eignatjón hjá nemendum er að öllu jöfnu ekki greitt af skóla nema um sé að ræða sannarlega vanrækslu af hálfu skólans.

Öryggisnefnd

Í öryggisnefnd situr einn fulltrúi starfsfólks sem nefnist öryggistrúnaðarmaður og kosinn er á fyrsta starfsmannafundi skólaársins, öryggisvörður skipaður af skólastjóra og skólastjóri. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir

Í öryggisnefnd sitja:

Ragnar Jón Grétarsson
Björg Erlingsdóttir
Helgi Viðar Tryggvason
Dýrleif Skjöldal
Inga Sigrún Atladóttir

Nemendaráð

Í Valsárskóla er starfrækt nemendaráð sem skipað er nemendum í 8. - 10. bekk, nemendur velja sjálfir að vera í nemendaráði. Í byrjun skólaárs er dregið í stjórn og í henni sitja; formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari. Formaður er kosinn beinni kosningu af nemendum 7.-10. bekkjar. Formaður nemendaráðs er kjörinn úr hópi útskriftanemenda.

Hlutverk nemendaráðs er að skipuleggja og hafa yfirumsjón með félagslífi nemenda og gæta að hagsmunum og velferðarmálum þeirra. Formaður og varamaður eru áheyrnafulltrúar nemenda í skólaráði. Einnig situr formaður ásamt varaformanni skólaráði.

Nemendaráð skólaárið 2019-2020 er skipað eftirfarandi nemendum:

Formaður: Ása Lind Aradóttir
Varaformaður: María Rós Þorgilsdóttir
Gjaldkeri: Fannar Logi Jóhannesson
Ritari: Tryggvi Fannar Unnsteinsson
Skemmtinefnd: Skúli Þór Sigurðarson, Agnar Sigurðarson, Arnrún Ólöf Brynjólfssdóttir og Herdís Lilja Halldórsdóttir
Fulltrúi nemenda 8. Bekkjar: Arney Ósk Arnadóttir

Ýmsar nefndir

Skemmtinefnd
Skreytingarnefnd

Sjoppunefnd
Ritnefnd
Íþróttarnefnd - Vallarnefnd
Matarnefnd
Grænfánanefnd

Foreldrafélag

Við Valsárskóla er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári.

Í stjórn foreldrafélags Valsárskóla eru:

Elísabet Fjóra Þórhallsdóttir
Þórdís Eva Þórólfsdóttir
Brynjólfur Snorri Brynjólfsson
Stefán Ari Sigurðsson
Árný Þóra Ágústsdóttir

Auður Jakobsdóttir
Gísli Arnarsson

Áheyrnafulltrúar í skólanefnd:

Hilmar Dúi Björgvinsson, aðalmaður
Guðríður Snjólfsdóttir, varamaður

Bekkjarfulltrúar

Á aðalfundi foreldrafélagsins kjósa foreldrar tvo fulltrúa úr hverju stigi til þess að taka stöðu bekkjarfulltrúa. Bekkjarfulltrúar sjá um bekkjarskemmtun amk einu sinni á ári þar sem nemendur og foreldrar koma saman og gera eitthvað skemmtilegt utan skólatíma.

Bekkjarfulltrúar eru einnig tengiliðir umsjónarkennara við aðra foreldra ef leita þarf aðstoðar við einstakar skemmtanir eða viðburði í skólalífinu.

Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán. Sameiginleg verkefni skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi;

- námsstuðningi,
- að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðun, virðingu í samskiptum og vingjarnleika,
- að efla skilning á mikilvægi menntunar og skólastarfs,

- að vera hvetjandi og
- að vera leiðandi í uppeldi þar sem meðalvegur er milli ofríkis og afskiptaleysis.

Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

Foreldrasamtöl

Að lágmarki hittast foreldrar og kennarar fjórum sinnum á vetri.

- Námskynning að hausti.
- Tvö viðtöl í skóla.
- Kynning nemenda á námsmöppum (eða öðrum verkefnum) að vori.

Foreldraviðtöl í skólanum eru tvisvar á skólaárinu. Það fyrra er í október og hið síðara í febrúar. Viðtölin eru að jafnaði 15 - 20 mínútur að lengd. Foreldrar þanta sjálfir viðtalstíma í gegn um Mentor.

Vefsíða

Á vefsíðu skólans er að finna skólanámskrána í heild og aðrar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið. Einnig birtast þar fréttir og myndir af skólastarfinu. Slóðin er

<http://www.skolar.svalbardsstrond.is>

Mat á skólastarfi

Óskað verður eftir því við foreldra að þeir taki þátt í mati á skólastarfi með því að svara spurningum í gegnum vef.

Tölvupóstur

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta. Umsjónarkennarar senda foreldrum tölvupóst um skólastarfið að jafnaði vikulega. Allir nemendur skólans hafa skólanetfang ef foreldrar/forráðamenn gefa til þess leyfi.

Viðtalstímar kennara

Ekki allir kennarar hafa fasta viðtalstíma. Foreldrar/forráðamenn geta hringt á skólatíma og beðið um viðtal eða sent viðkomandi kennara tölvupóst.

Vitnisburðarblöð

Nemendur fá ekki vitnisburðarblöð við skólaslit að vori eins og áður hefur tíðkast. Námsmat eftir haustönn er að finna á mentor. Í foreldraviðtölum í febrúar er farið yfir námslega stöðu nemenda.

Hagnýtar upplýsingar

Skólaakstur

Ekið er skv. tímatöflu sem birt er á heimasíðu skólans. Mikilvægt er að nemendur komi á sína stöð á réttum tíma. Skólabíllinn er einungis ætlaður nemendum grunnskólans. Ekki er ætlast til þess að nemendur leikskólans komi með eldri systkinum eða foreldrum í bílinn. Skólastjóri getur þó leyft slíkt í undantekningartilvikum.

- Forföll nemenda þarf að skrá í Mentor eða tilkynna í skólann, s. 464 5510 og til skólabílstjóra s. 858 0777.
- Ferðir frá skóla eru 5 mínútum eftir lok síðustu kennslustundar.
- Athugið *að ekki* er hægt að reikna með að skólabíllinn geti tekið fleiri farþega en gert er ráð fyrir í áætlun.
- Hafið samband við bílstjóra ef fjölga á farþegum af einhverjum ástæðum, (t.d. afmælisboð) til að athuga hvort laust er með bílnum.

Frístund

Vinaborg er heilsdagsvistun Valsárskóla. Þar eiga börn í 1.-4. bekk kost á gæslu eftir skólatíma dag hvern til kl. 16:15.

Vinaborg er tilboð sem er hluti af skólastarfinu og fylgir heildarstefnu skólans. Vinaborg er staðsett á efstu hæð skólans í stofu sem heitir Pollur.

Skrá þarf börn í Frístund með samtali við starfsmann, þá þarf að tilgreina hvaða daga og tíma á að nota. Óski foreldrar eftir breytingu á dvalartíma barnsins, sækja þeir um hana skriflega hjá forstöðumanni frístundar.

Í Vinaborg er fjölbreytt starf sem tekur mið af áhuga barnanna hverju sinni svo og aðstæðum í skólanum. Í hverjum mánuði er gert mánaðarskipulag þar sem hægt er að fylgjast með hvað á að gera í hverjum mánuði. Dagskipulag Vinaborgar er að finna með stundaskránni annarra hópa skólans.

Ef um breyttan áður skráðan tíma er að ræða er hægt að senda börnin með skrifleg skilaboð t.d. að fá að fara fyrr heim eða heim með vini. **Leyfi til þess þurfa að koma frá foreldrum.**

Reikningar fyrir Vinaborg eru greiddir eftir á. Þeir miðast við skráningu barnanna og er ekki dregið frá þótt börnin séu í leyfi eða veik hluta mánaðarins. Systkini fá 25% afslátt. Það gildir einnig ef börnin eiga yngri systkini í leikskólanum eða hjá dagmæðrum sem skráðar eru hjá Svalbarðsstrandarhreppi, þá fær eldra barnið afslátt í Vinaborg. Þriðja systkinið í gæslu fær 50% afslátt.

Umsjón með Vinaborg hefur Anna Heiður Oddsdóttir
sími 464-5510 (annaheidur@svabardsstrond.is)

Afmæli

Þegar barn á afmæli, má það koma með veitingar í skólann sem allir gæða sér á saman. (Við sleppum gosdrykkjum og miklu sælgæti)

Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum sínum í skólanum. Nemendur eiga ekki að koma með peninga í skólann að óþörfu og eiga ekki að skilja verðmæti eftir í fötum sínum á göngum eða í búningasklefum.

Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að **merkja vel allan fatnað**. Merktur fatnaður skilar sér best. Óskilamunir eru geymdir í körfum í anddyri skólans. Nokkrum sinnum á ári eru óskilamunir lagðir fram til sýnis í skólanum s.s. á foreldraviðtalsdögum og við skólaslit að vori og eru foreldrar sérstaklega hvattir til að huga þar að munum barna sinna.

Ábyrgð nemenda á eigin námi

Nemendur bera ábyrgð á námi sínu með stuðningi kennara og foreldra og allt samstarf er því mikilvægt og stuðlar að metnaði nemenda til að stunda nám sitt af alúð. Lestur er hornsteinn alls nám og þess vegna er lögð rík áhersla á lestur í heimanámi á öllum stigum grunnskólans. Almennt er ekki gert ráð fyrir öðru heimanámi nema við sérstakar aðstæður.

Foreldrakaffi / Ömmu og afakaffi

Tvisvar á ári þ.e. að vori og í byrjun desember, bjóða börnin foreldrum sínum og öðrum sem vilja koma í kaffi og meðlæti. Foreldrar fá líka tækifæri til að kynna sér það sem verið er að vinna með hverju sinni og verk barnanna eru sett upp til sýningar. Ömmu og afakaffi er einu sinni á ári og bjóðum við þá afa og ömmu formlega í kaffi, þ.e. að öllu jöfnu í fyrri hluta októbermánaðar.

Forföll nemenda

Ef nemandi þarf leyfi getur umsjónarkennari gefið leyfi í einn eða tvo daga. Leyfi í 3 daga eða lengur skal sækja um til skólastjóra á eyðublaði.

Eyðublað má finna á vefsíðu skólans.

Forföll í tónlistadeild þarf ekki að tilkynna ef búið er að tilkynna forföll í skólanum en forföll í skólaakstri þarf að tilkynna í síma 8580777.

Heimsóknir eftir skóla

Þegar nemendur fara í heimsóknir hver til annars eftir skóla, þurfa þeir að vera búnir að fá leyfi hjá foreldrum áður en þeir koma í skólann. Einnig þarf að kanna hvort pláss sé í skólabíl.

Lyfjagjafir í skólanum

Í tilmælum frá landlækni um lyfjagjafir í grunnskólum frá maí 1999 kemur meðal annars fram að foreldrum/forráðamönnum ber að afhenda hjúkrunarfræðingum þau lyf sem börn og unglingar eiga að fá í skólanum. Börn og unglingar eiga aldrei vera sendiboðar með lyf. Sjá nánari upplýsingar á síðu landlæknis.

Foreldrar/forráðamenn þeirra barna og unglunga sem þurfa að taka lyf á skólatíma eru vinsamlega beðnir að hafa samband við hjúkrunarfræðinga skólans til skrafs og ráðagerða um hvernig best verði komið til móts við þessi tilmæli.

Matmálstímar

Boðið er upp á graut og ávexti frá kl. 9:05-9:15 og hádegismat kl. 11.35. Nemendur í frístund fá sídegishressingu kl. 14.30. Morgunmat og hádegismat er gjaldfrjálts.

Meðferð námsgagna

Skólinn lætur í té öll námsgögn sem nemendur þurfa að nota við nám sitt. Þeir taka ábyrgði á því og eiga að gæta þess eins og sjáaldurs augna sinna.

–Nemendur og forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir því tjóni sem nemendur kunna að valda á eigum skólans.

Notkun snjalltækja

Snjalltæki bjóða upp á margar nýjungar í skólastarfi og geta verið gagnleg verkfæri fyrir bæði nemendur og kennara. Á sama tíma geta þessi tæki haft truflandi áhrif í skólum. Sumir skólar bregðast við slíkri hegðun með því að taka tækin af nemendum. Aðrir skólar hafa safnað saman öllum sínum í upphafi kennslustundar, til að fyrirbyggja truflun.

Öll börn eiga rétt á menntun við hæfi. Er það því mikilvægt að kennarar geti haldið uppi aga í kennslustundum og tryggt nemendum þann vinnufrið sem þeir þurfa. Í samræmi við það er tekið fram í lögum að nemendur eigi að fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks. Þá eiga allir skólar að setja sér skólareglur og hafa þeir nokkuð svigrúm um inntak slíkra reglna. Þó er ljóst að reglurnar þurfa að vera skýrar og afdráttarlaugar og í samræmi við lög og réttindi barna.

Í Valsárskóla er litið svo á að ákjósanlegasti kosturinn er að nemendur læri að nota tækin sín á ábyrgan og uppbyggilegan hátt, sér og öðrum til gagns og gamans. Því hefur verið ákveðið að ræða ítarlega við nemendur um notkun snjalltækja í upphafi skólaárs. Ef nemendur vilja koma með síma, snjalltæki eða tónhlöður í skólann þurfa þau að skrifa undir samning um síma, snjalltæki og tónhlöður. Í samningnum er tekið tillit til friðhelgi einkalífs nemenda, eignaréttar og réttar skóla til að skapa nemendum góð skilyrði til náms. Samninginn má finna á vefsíðu skólans.

Opnun skóla

Valsárskóli er opinn frá kl. 7.45. Starfsmaður tekur á móti börnunum og annast gæslu þar til skólastarf hefst kl. 8:05.

Óveður eða ófærð

Ef veður er tvísýnt metur skólabílstjóri það í samráði við foreldra/forráðamenn hvort hann skuli sækja börnin. Foreldrar/forráðamenn annarra barna verða að meta hvort þau eigi að fara.

Ef veður er svo slæmt að það þurfi að fella niður kennslu í grunnskólanum er foreldrum/forráðamönnum sent sms í skráða farsíma fyrir klukkan 7:15. Eins verður sett inn tilkynning á facebooksíðu skólans og tölvupóstur sendur ef hægt er.

Símtöl

Nemendur geta fengið að hringja á kennarastofu skólans og foreldrar geta jafnframt komið boðum til barna sinna með því að hringja í aðalnúmer skólans.

Skólahúsnæði

Hver bekkur hefur sína heimastofu, allar á efri hæð hússins. Þar er einnig skrifstofa, vinnurými kennara, kaffistofa starfsfólks, textíl- og myndmenntastofa, aðstaða frístundar og rými fyrir unglíngastigið. Á neðri hæð hússins er bókasafn, matsalur, eldhús, íþróttasalur, tónlistarstofur og aðstaða frístundar. Að auki er kennt í sundlauginni. Heimilisfræði er kennd í eldhúsi skólans og smíðar eru kenndar í rými á milli sveitarskrifstofu og leikskólans.

Skólalóð

Leiksvæði nemenda er kringum skólahúsið. Þar eru leiktæki og boltavellir. Nemendum er óheimilt að fara út fyrir skólalóðina á skólatíma nema með leyfi eða í umsjón kennara.

Slys / Óhapp

Í stórum barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir höfum við strax samband við foreldra / forráðamenn eða hringjum á sjúkrabíl. Athygli er vakin á því að Svalbarðsstrandarhreppur greiðir kostnað vegna fyrstu ferðar á slysadeild ef um slys eða læknisheimsókn er að ræða á skólatíma.

Skólahjúkrunarfræðingur veitir fyrstu hjálp þegar alvarlegri slys verða í skólanum og er starfsfólki skólans til stuðnings og ráðgjafar þegar upp koma veikindi og slys hjá nemendum, á þeim tíma sem hjúkrunarfræðingur er við störf.

Purfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

Veikindi

Í skólanum er ekki aðstaða til að sinna sjúkum börnum. Veik börn eru viðkvæm og vansæl og þess vegna eiga þau ekki að koma í skólann þegar þau eru lasin. Nemandi á að vera hitalaus heima í a.m.k. 1- 2 sólarhringa. Þegar nemandi kemur í skólann er ætlast til að hann geti tekið þátt í hinu daglega starfi. Í undantekningartilvikum getur nemandi fengið að vera inni í einn dag. Ef þörf er á fleiri innidögum vegna einhverra sérstakra tilfella eru foreldrar beðnir að hafa samband við skólastjóra. Vegna ofnæmis, astma eða annarra sjúkdóma eru foreldrar beðnir um að skila inn vottorði.

Útivist / klæðnaður

Nemendur skulu fara út í frímínútur daglega. Kennsla fer stundum fram utan dyra, ýmist á skólalóð eða í næsta nágrenni. Brynt er að nemendur klæði sig eftir veðri hverju sinni þannig að þeir geti notið útivistarinnar í leik og námi. Æskilegt er að nemendur í 1.-4. bekk séu með aukasett af fötum í skólanum.

Heilsugæsla

Heilsugæsla Valsárskóla heyrir undir heilbrigðisstofnun Norðurlands á Akureyri. Brynhildur Smáradóttir hjúkrunarfræðingur sinnir skólaheilsugæslu og er hennar viðverutími í skólanum 2.

og 4. föstudag í mánuði klukkan 09:00 – 12:00. Hægt að ná í hana á þeim tíma í síma 462-3104 eða 691-7788.

Skólalæknir er Jón Torfi Halldórsson og er hann til viðtals í samráði við skólahjúkrunarfræðing.

Móttöku- og tilfærsluáætlun

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Nemandinn og foreldrar eru boðuð í heimsókn í skólann áður en kennsla hefst að hausti. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá m.a. einum eða fleiri nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og bjóða honum að vera með í frímínútum.

Unnið er í aldursblönduðum hópum að fjölbreyttum verkefnum í tveim elstu árgöngum leikskóladeildar og yngstu nemendum grunnskóladeildar.

Að hausti er foreldrum nýrra nemenda boðið á kynningarfund í skólanum.

Rýmingaráætlun

Í öryggisráði sitja Inga Sigrún Atladóttir skólastjóri, Ragnar Jón Grétarsson umsjónarmaður fasteigna Svalbarðsstrandarhrepps, Dýrleif Skjöldal öryggisfulltrúi skólans og Björg Erlingsdóttir Sveitarstjóri.

Þeim ber m.a. að sjá til þess að rýmingaráætlun sé uppfærð og endurskoðuð og rýmingaræfing verði haldin a.m.k. einu sinni á ári.

Samstarf

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Í tónlistarskólanum er boðið upp á kennslu á píanó, orgel, gítar, bassa, blásturshljóðfæri og ásláttarhljóðfæri. Einnig er boðið upp á söngnám. Í tónlistardeildinni eru 28 nemendur.

Tónlistarnemendur geta farið úr kennslustundum í skólanum til að sækja tónlistarnámið. Reynt er að flytja tónlistartímana til á stundaskránni til að nemendur missi ekki alltaf af kennslustundum í sömu námsgreinum í skólanum. Tónleikahald er tengit við starfsemi grunnskólans og er reiknað með að hver nemandi komi fram minnst tvisvar á hverjum vetri. Handbók tónlistardeildar er á heimasíðu skólans.

Leikskólinn Álfaborg

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið í leikskólanum Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla. Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur 1. bekkjar hittast reglulega og taka þátt í sameiginlegu starfi og leik. Umsjónarkennari og aðstoðarkennari í 1. -2. bekk skipuleggja

starfið ár hvert. Nemendum er skipt í blandaða hópa sem fást við afmörkuð verkefni innan skólans, í íþróttasalnum og úti við í nágrenni skólanna.

Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla

Þriðjudagar - allir nemendur leik- og grunnskóla koma saman í söngstund.

Mánudagar, þriðjudagar og fimmtudagar – tveir elstu árgangar leikskólans fara yfir í grunnskólann í leikur að læra, ein klst í senn. Næst elsti árgangur 1x í viku, elsti árgangur 3x í viku.

Framhaldsskólar

Reglulega fara fram kynningar á framhaldsskólum á svæðinu fyrir nemendur á unglingastigi. Nemendur 9. bekkjar fara að vori í heimsókn í Verkmenntaskóla Akureyrar. Nemendur 10. bekkjar fara í heimsókn í Menntaskólann á Akureyri að hausti. Í skólunum fá nemendur kynningu á skólastarfinu og ganga um skólabyggingarnar. Fulltrúar Menntaskólans á Laugum og Menntaskólans á Tröllaskaga halda reglulega kynningar á skólastarfi sínu og bjóða þá nemendum til sín.

Slökkvilið Akureyrar

Slökkvilið Akureyrar kemur einu sinni á ári með eldvarnafræðslu í 3. og 4. Bekk.

Sérfræðiþjónusta

Í gildi er samningur Svalbarðsstrandar við Akureyrbæ um þjónustu við grunn- og leikskólann. Fjölskyldudeild Akureyrar er með aðsetur að Glerárgötu 26 og er opin alla virka daga frá klukkan 08:00 – 16:00. Sími 460-1420 og 460-1433.

Fjölskyldudeild starfar í þremur teyllum sem skiptir með sér verkefnum á eftirfarandi hátt:

- **Barnaverndarteymi** sér um mál er falla undir barnaverndarlög. Þar starfa félagsráðgjafar, uppeldisfræðingur og sálfræðingur.
- **Félagsþjónustuteymi** fjallar um málefni fatlaðra og ýmis önnur félagsleg mál. Þar starfa félagsráðgjafar, þroskaþjálfar og sálfræðingar. Ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra er m.a. í formi stuðningsviðtala.
- **Skólateymi** vinnur samkvæmt lögum leik- og grunnskóla. Þar starfa sálfræðingar ásamt sérkennsluráðgjöfum í leik- og grunnskóla.

Skólar og foreldrar/forráðamenn geta leitað til skólateymis vegna málefna einstaka barna. Tilvísunarblöð til útfyllingar eru í skólanum. Það er hlutverk fjölskyldudeildar að veita einstaklingum og fjölskyldum faglega aðstoð vegna félagslegra, uppeldislegra og/eða námslegra þarfa þannig að þeir/þær verði sem mest sjálfbjarga og geti notið almennra lífsgæða. Fjölskyldudeild Akureyrbæjar er skólanum innan handar um öll þau mál sem snerta sérfræðiþjónustu, s.s. sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, talkennslu o.fl. Sérkennsluráðgjafi er Líney Helgadóttir og skólasálfræðingur Valsárskóla er sá sálfræðingur sem fjölskyldudeild hefur á sínum snærum hverju sinni.

Símenntunaráætlun

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 120 - 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákvarðar og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

Skólaárið 2019-2020

?

Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrjú aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn fulltrúi kennara grunnskólans og einn til vara sem kosnir eru til eins árs í senn á fyrsta kennarafundi skólaársins. Einn fulltrúi kennara leikskólans og einn til vara.

Áheyrnarfulltrúar eru tveir þ.e. fulltrúi foreldra grunnskólans sem kosinn er á starfsmannafundi og einn til vara og fulltrúi foreldrafélags leikskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Í skólanefnd sitja:

Inga Árnadóttir (formaður)

Árný Þóra Ágústsdóttir

Sigurður Halldórsson

Auk þeirra starfar skólastjóri Inga Sigrún Atladóttir með nefndinni. Fulltrúar kennara og foreldra leik- og grunnskólans hafa rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi kennara Valsárskóla er ? og varamaður er ?. Fulltrúi kennara Álfaborgar er Þórdís Eva Þórólfsdóttir og varamaður er?. Áheyrnarfulltrúar eru Hilmar Dúi

Skólaráð

Skv. 8. gr. grunnskólalaga skal starfa skólaráð við alla grunnskóla landsins sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

Í skólaráði sitja: ??

Áætlun um innramat

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum.

Á skólaárinu 2019 – 2020 verða eftirfarandi áhersluatriði til skoðunar í innra mati.

Umbótaáætlun um innra mat er tilbúin og má finna inn á heimasíðu skólans. Áætlunin helst í hendur við áhersluþætti í skólaþróun hverju sinni. Sjálfsmatsskýrsla er unnin ár hvert og birt á heimasíðu.

Umbótaáætlun skiptist niður í fjóra hluta:

I hluti – Starfshættir og stjórnun

1. Gildi skólastarfsins.
2. Jafnréttisáætlun.
3. Skólareglur.
4. Meðferð upplýsinga.
5. Námsvísar.

II hluti – Nám og líðan

1. Að skoða líðan nemenda út frá könnunum í Skólapúlsinum.
2. Að fylgjast með samvinnu og starfsþróun starfsfólks í gegnum Skólapúlsinn.
3. Nemendasamtöl.
4. Rafrænt nám nemenda. Fylgst með áhrifum tæknivæðingar á nám nemenda.
5. Áhrif tæknivæðingar á kennslu og líðan kennara.
6. Agi og vellíðan.

III hluti – Skólaþróun

1. Útiskóli.
2. Tölvur og tækni.
3. Læsisstefna.
4. Heilsueflandi grunnskóli.
5. Heilsuefling huga og líkama.

IV hluti – Grunnþættir menntunar

1. Læsi
2. Heilbrigði og velferð.